

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 157/2005

frá 2. desember 2005

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2004/913/EB frá 14. desember 2004 um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda skráðra félaga ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/162/EB frá 15. febrúar 2005 um hlutverk stjórnenda utan framkvæmdastjórnar eða stjórnenda sem annast eftirlit í skráðum félögum og um nefndir á vegum stjórnar eða eftirlitsstjórnar ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 13. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/453/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF*“ í XXII. viðauka við samninginn:

- „14. **32004 H 0913:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2004/913/EB frá 14. desember 2004 um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda skráðra félaga (Stjtið. ESB L 385, 29.12.2004, bls. 55).
15. **32005 H 0162:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/162/EB frá 15. febrúar 2005 um hlutverk stjórnenda utan framkvæmdastjórnar eða stjórnenda sem annast eftirlit í skráðum félögum og um nefndir á vegum stjórnar eða eftirlitsstjórnar (Stjtið. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 51).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2004/913/EB og 2005/162/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 385, 29.12.2004, bls. 55.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 51.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.